

## AUGLÝSING

### (III) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

#### 1. gr.

Með vísan til 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorsk-íggildislestum til stuðnings byggðarlögum, staðfestir ráðuneytið eftirfarandi úthlutunarreglur þessara sveitarfélaga:

#### 1. Hólmavíkurbætur.

Úthluta skal til báta/skipa sem heimahöfn eiga á Hólmavík og landa aflanum í heimahöfn enda séu eigendur þeirra skráðir með búsetu í Hólmavíkurbætur og skráðir þar þegar auglýstur umsóknarfrestur rennur út og hafi haft atvinnu af fiskveiðum eða fiskvinnslu s.l. fiskveiðiári. Ekki koma til greina þær útgerðir sem leigt eða selt hafa kvóta frá sér á síðasta fiskveiðiári eða landað hafa utan heimahafnar nema um sjóskaða hafi verið að ræða eða stórkostlega vélarbilun. Úthlutunin skal vera jöfn milli allra þeirra sem úthlutun fá en ekki hlutfallsleg.

#### 2. Stykkishólmsbær.

Skipta skal byggðakvóta Stykkishólmsbætur milli báta, þeirra útgerða sem stunduðu skelveiðar í Breiðafirði á tveimur síðustu vertíðum og skráðir eru í Stykkishólmi 31. desember 2004, þannig:

1. 90% skiptast á grundvelli aflahlutdeildar í hörpuskel kvótaárið 2004/2005.
2. 10% skiptast milli báta, með veiðireynslu í hörpuskel fiskveiðiárið 2001/2002 og 2002/2003 sem varanlega aflahlutdeild í hörpuskel er ekki bundin við, enda eigi eigendur þeirra ekki annan bát, sem aflahlutdeild í hörpuskel er bundin við 31. desember 2004.

Kvótinn verði veiddur af bátum í bæjarfélaginu og unninn á staðnum.

#### 2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út með stoð í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 960, 6. desember 2004, um úthlutun á þorskíggildislestum til stuðnings byggðarlögum, til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. febrúar 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

\_\_\_\_\_  
*Jón B. Jónasson.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

#### *Klausturstígur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 20. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Grafarholt austur, námsmannagarða við Klausturstíg.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Laugavegur 18b og 20a.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 26. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.171.5, vegna lóðanna Laugavegur 18b og 20a.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Kennaraháskóli Íslands.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð, þann 19. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Kennaraháskóla Íslands.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Laugardalur austur.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 13. janúar 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Laugardal, austurhluta.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Reykjavík, 15. febrúar 2005.*

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur,

e.u. **Ágústa Sveinbjörnsdóttir.**

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 575, 7. júlí 2004,  
um loðnuveiðar íslenskra skipa 2004/2005.**

1. gr.

Í stað: „780.788 lestir“ í 2. mgr. 2. gr., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 5, 17. janúar 2005, komi: 803.256 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 16. febrúar 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Jón B. Jónasson.*